

Velferðarráð
Guðmundur Gísli Geirdal, formaður

Kópavogi, 15. apríl 2020
2004098/033.03 AKG

Efni: Hjúkrunarrými fyrir yngra fólk

Á 61. fundi velferðarráðs, þann 23. mars sl. var tekin fyrir áfrýjun íbúa vegna umsóknar um þjónustu bæjarfélagsins eftir að hann flyst á hjúkrunarheimili. Í umræðu kom fram vilji ráðsins til að hvetja heilbrigðisráðherra til að stofna hjúkrunarheimili fyrir yngra fólk og koma þannig til móts við hóp yngri sjúklinga en gert er ráð fyrir á almennum hjúkrunarheimilum. Er því hér lögð fram eftirfarandi tillaga að bókun:

Velferðarráð Kópavogs bókaði eftirfarandi til heilbrigðisráðherra á fundi sínum 27. apríl sl.:

Á undanförunum árum hafa óskir borist til velferðarsviðs frá ungu fólki í Kópavogi um sólarhringsþjónustu vegna lömunar og eða mikillar færniskerðingar þar sem þjónustubörf fyrir umönnun og hjúkrun er fyrirliggjandi. Óskir þessa unga fólks eiga það sammerkt að ekkert þeirra getur hugsað sér að fá þjónustu með mun eldra fólki á hjúkrunarheimilum, þrátt fyrir að slík þjónusta veiti aðgang að sérhæfðri þjónustu, veiti húsnæðisöryggi og tryggi um leið ákveðið félagslegt öryggi. Velferðarráð Kópavogs telur brýnt að koma því álit á framfæri við heilbrigðisráðherra að afar nauðsynlegt sé að huga að breytingum hvað varðar þjónustu ríkisins við ofangreindan hóp, þ.e. að gert sé ráð fyrir hjúkrunardeildum á hjúkrunarheimilum sem beinlínis gera ráð fyrir þjónustu við unga langtímasjúklinga. Slíkt fyrirkomulag, með nauðsynlegum breytingum á mönnun og fyrirkomulagi deildanna, mundi gerbreyta þjónustu við þennan aldurshóp frá því sem nú er. Þar með væri tekið tillit til félagslegra og tilfinningalegra þátta þessara einstaklinga, um leið og almenn og sértæk þjónusta væri tryggð. Velferðarsvið Kópavogs vill gjarnan fylgja þessari bókun eftir með viðtali við ráðherra, þar sem frekari upplýsingar væru látnar í té, sé þess óskað.

Aðalsteinn Sigfússon
Sviðsstjóri